

10 ára afmæli Karlakórsins 14/2/2019

Sveinar kátir, syngið
saman fjörug ljóð.

Æskusöngvum yngið
elliþrungið blóð.

∴: Þráir söng vor sál,
söngsins unaðsmál. ∴:

Bjarni Jónsson

Um alla eilífð lofa ég minn Guð af lífi' og sál
og heiðra nafn hans í ljóði og söng.

Allt böll og mæða burtu víkur, kemur bænamál
og ég fæ fundið blessun Drottins dægrin löng.

(Hann er dýrðar faðir)

Hann er dýrðarfaðir og fullur kærleika

Hann er almáttugur Drottinn og Guð. O-o-ó.

Guðni Einarsson

Ó, þú, sem elskar æsku mína
og yfir hana lætur skína
þitt auglit bjart, lát aldrei dvína
þá ást, sem leiðir, annast mig
um ævi minnar stig.

Ó, þú, sem leiðir lífsins strauma,
ég legg í hönd þér viljans tauma
og alla mína æskudrauma.
Ég hlusta' í djúpri þögn á þig,
er þú vilt fræða mig.

Ó, gjör mitt hjarta' að hörpu þinni,
svo hægt sem fljótt í sálu minni
ég heyri leikið, leik þar inni
af íþrótt lög, sem einn þú nær,
er ást þín strengi slær.

Friðrik Friðriksson

Rís upp, Guðs eigin sveit,
lát af að hugsa smátt.
Þitt hjarta, sál og hug, þinn mátt
þú helga Kristi átt.

Rís upp, Guðs eigin sveit
með einhug fram á leið.
Þá birtir yfir bræðrasveit
er berst gegn illsku' og neyð.

Rís upp, Guðs eigin sveit
og óttast ekkert illt.
Er ríki Guðs þú leggur lið
þú lofa Guðs son vilt.

Rís upp, Guðs eigin sveit,
fyll eftir sporum hans.
Sem bróður átt Guðs einkason,
rís upp, Guðs eigin sveit.

Guðlaugur Gunnarsson þýddi